



Flúðum, 3. apríl 2023.

**Efni: Umsögn frá framkvæmdastjóra Sevruverkefnis Uppsveita og Flóa.**

Sveitarfélögin Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur standa að svokölluðu sevruverkefni á starfssvæði sveitarfélaganna. Verkefnið er samstarfsverkefni sveitarfélaganna, Landgræðslunnar og Heilbrigðisefirlits Suðurlands og reka sveitarfélögin móttökustöð fyrir seyru á Flúðum og annast hreinsun rotþróa í sveitarfélögunum.

Verkefnið felst í því að sveitarfélögin sjá að safna seyru úr um 9.000 rotþróum á svæðinu með sérútbúnum bílum sem síðan færa seyruna í kalkara á Seyrustöðum á Flúðum þar sem henni er blandað saman við kalk og stundum einnig grasfræ. Þegar seyran hefur verið kölluð er henni dreift á sérstakt dreifingarsvæði þar sem hún er notuð í uppgræðslu. Verkefni sveitarfélaganna á Suðurlandi er afar eftirtekarvert vegna þess að þar er verið að nýta lífræn efni til landgræðslu sem koma frá langstærstu sumarhúsabyggðum Íslands og því mætti gjarnan gefa þessu frumkvöðla verkefni sem þegar hefur sannað gildi sitt meira vægi í umfjöllun Eflu, en í skýrslunni er einungis lítillega minnst á þetta verkefni sveitarfélaganna á Suðurlandi.

Eftir að seyran hefur verið hreinsuð og meðhöndluð á Seyrustöðum er hún nýtt til landgræðslu á afgirtu svæði á Hrunamannaafretti. Texti skýrslunnar hvað þetta varðar er heldur snubbóttur og þar teljum við rétt að fram komi að við meðhöndlun seyrunnar þá afvatnast hún og verður þar með ekki jafn vatnsmikil og dýr í flutningum eins og sagt er í töflu á bls. 14.

Í töflu á bls. 16 er sýnt hvernig skynsamlegt er að forgangsraða verkefnum, að mati skýrsluhöfunda, svo tryggja megi að aukin nýting lífrænna efna skili sem mestum árangri á sem stystum tíma. Líkt og fram hefur komið er rétt að auka nýtingu sem fyrst á þeim efnum sem hafa lægst flækjustig, samanber þegar nefnda töflu. Í töflunni kemur fram að seyra forgangsraðast lægst þeirra atriða sem þarna koma fram. Þarna skortir að betur sé gerð grein fyrir þeim farvegi fyrir seyru sem þegar er til staðar á Seyrustöðum og þeim notum sem eru fyrir seyruna í dag sem og þeim árangri sem náðst hefur í landgræðslunni.



**Seyra.is**

Á bls 21 kemur fram að Ísland er vistfræðilega eitt verst farna land Evrópu og mikilvægt að bæta ástand vistkerfa. Tæplega þriðjungur af yfirborði landsins hefur minna en 20% gróðurþekju og að auki er talsvert rof á rúmlega þriðjungi landsins. Þarna eru töluverð tækifæri til að bæta ástand vistkerfa, auka kolefnisbindingu og stöðva eyðingu jarðvegs. Miðað við þessa lýsingu ætti aukin notkun á meðhöndlaðri seyru að vera fagnaðarefni enda landrými nægilegt þar sem bæta þarf jarðveg og ástand vistkerfa. Með því að endurheimta gróðurþekju á lítt eða illa grónu landi má stöðva jarðvegsrof og með þeim hætti minnka tap á kolefni úr jarðvegi

Tekið er undir mikilvægi aðgerðar A4 þar sem metnar yrðu landgerðir með tilliti til þess að dreifing lífræna áburðarefna yrði heimil yfir lengra tímabil ársins en nú er. Einnig ítrekum við mikilvægi aðgerðar B2 um að gera þurfi fýsileika- og kostnaðargreiningu í samráði við Landgræðsluna á uppbyggingu miðlægra móttökustöðva fyrir lífræn efni á eða nálægt landgræðslusvæðum. Þar væri hægt að afsetja lífræn efni og geyma þau yfir vetrartímann svo þau væru aðgengileg til dreifingar að vori. Með sömu forsendum teljum við nauðsynlegt að gerð verði þarfa- og kostnaðargreining fyrir uppbyggingu seyrhótela sem gætu þá verið byggð upp í hverjum landshluta, aðgerð B.4.

Við fögnum aðgerð B7 þar sem lagt er til að aukið fjármagn verði sett til Landbótasjóðs sem myndi verða eynamerkt nýtingu á lífrænum efnum til uppgræðslu. Með þessu færi fjármagn beint í verkefni þar sem þeirra er þörf.

Það hlýtur að vera jákvætt framfaraskref að nýta öll lífræn efni sem til falla í áburðarskyni í stað þess að farga þeim með tilheyrandi neikvæðum loftslagsáhrifum og mengun. Mjög mikið fellur til af seyru í landinu og mun magnið ekkert gera annað en að aukast til lengri tíma lítið. Því er hér um mikilvæg efni að ræða sem synd væri að nýta ekki til uppgræðslu og mikilvægt að stutt verði við verkefni sem þegar eru farin af stað á þessu sviði en íþyngja þeim ekki með óhóflegum kostnaði svo sem varðandi girðingar og einnig með reglugerðum eins og þeirri sem bannar að þessum efnum sé dreift á frosna jörð.

Undirrituð væntir þess að erindi sveitarfélaga á Suðurlandi fái góðar viðtökur og mun greiðlega veita frekari upplýsingar sé eftir því leitað.

Virðingarfyllst,

  
Aldís Hafsteinsdóttir



Sveitarstjórnin í  
Hrunamannahreppi